Nr. 23.
2.
oktbr.

# Lög

um

að landstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa Fellseignina í Kollafirði, 60 hndr. að fornu mati, (Fell með 2 hjáleigum), til prestseturs fyrir Tröllatunguprestakall, fyrir 2,500 krónur.

2. gr.

Kaupverðið greiðist úr landssjóði. En frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 100 krónur af uppbót þeirri, er Tröllatunguprestakalli er ákveðin í lögum 27. febr 1880, sbr. lög nr. 26, 2. nóv. 1885.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. oktbr. 1891.*

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 23. Lög 2. oktbr. um að landstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi.

# Lov

Nr. 23.
2den
Oktbr.

om

## Bemyndigelse for Regeringen til at købe en Jord til Trøllatunga Præstekald i Stranda Provsti.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at købe Ejendommen Fell i Kollafjord, gammel Dyrhed 60 Hundreder (Fell tilligemed 2 Afbyggersteder), til Præstegaard for Trøllatunga Præstekald for en Købesum af 2,500 Kroner.

§ 2.

Købesummen udredes af Landskassen, men fra den Tid, Købet er afsluttet, bortfalde 100 Kr. af det Trøllatunga Præstekald ifølge Lov af 27de Februar 1880, jfr. Lov Nr. 26 af 2den November 1885, tilkommende Tilskud.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 2den Oktober 1891.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 23. Lov af 2den Oktbr. om Bemyndigelse for Regeringen til at købe en Jord til Trøllatunga Præstekald i Stranda Provsti.